

Uppeldi til ábyrgðar

2015-2016

Hvað er uppeldi til ábyrgðar?

Grunnskóli Fjallabyggðar styðst við starfsaðferðir Uppeldis til ábyrgðar. Meginatriðið er að kenna börnum og unglingum sjálfsaga, sjálfsstjórn og ýta undir sjálfstraust. Uppeldi til ábyrgðar leggur áherslu á jákvæð samskipti fremur en reglur, á ábyrgð fremur en blinda hlýðni og á virðingu fremur en stjórnugjöf. Treyst er á hæfileikann til sjálfsstjórnar og að hver og einn geti hugsað áður en hann framkvæmir og brugðist rétt við aðstæðum.

Uppeldi til ábyrgðar hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Aðferðin nýtist við bekkjarstjórnun þar sem allir fá að vaxa og njóta sín. Þetta er aðferð í samskiptum og aðferð við að ná jafnvægi og innri styrk eftir að hafa beitt samferðamenn sína rangindum eða lent upp á kant við þá. Leitast er við að ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim síðan eftir með fáum skýrum reglum. Spurt er bæði hvernig við viljum vera og hvað við þurfum að gera til að ná eigin markmiðum í sátt og samlyndi við aðra.

Verkefni skólaársins

- ✚ Í upphafi skólaársins unnu bekkirnir með mitt og þitt hlutverk, þ.e. hlutverk nemenda og hlutverk kennara. Þegar hlutverk kennara og nemenda eru skildgreind þá er hægt að fækka reglum því ein reglan verður sú að manni ber að sinna hlutverki sínu.
- ✚ Þegar bekkirnir höfðu lokið við hlutverkin unnu þau bekkjarsáttmála.
- ✚ Í staðin fyrir skammir nota kennarar stutt inn grip, s.s.:
 - Hvað áttu að vera að gera núna?
 - Mér sýnist þú vera í vandræðum. Get ég hjálpað þér?
 - Ert þú núna að stuðla að betri eða verri kennslustund.
 - Hvað get ég gert til að hjálpa þér svo þú getir.....?

- ✚ Þann 19.janúar var dagur uppbyggingar í Grunnskóla Fjallabyggðar. Þema dagsins var góðir mannaþeir og útbjuggu nemendur blóm og púslukubba þar sem þeir skrifuðu orð um almenna kurteisi. Uppbyggingardagurinn gekk mjög vel. Nemendur voru afar listfengir og fannst verkefnið áhugavert. Afrakstur dagsins var hengt upp á vegg skólastofnanna og má sjá myndir frá deginum hér.

Kveðja frá Uppbyggingarteyminu

Sýnishorn af vinnu nemenda

Bekkjarsáttmáli

Í vetur ætlum við að vera:

- ✚ Vinaleg
- ✚ Skemmtileg
- ✚ Hljóðlát
- ✚ Hjálpsöm
- ✚ Dugleg
- ✚ Vinir
- ✚ Góð í að hlusta
- ✚ Tillitssöm
- ✚ Glöð
- ✚ Ekki stríðin
- ✚ Hlýðin



Myndir frá uppbyggingardeginum



Árangur uppbyggingardagsins. Veggur í matsalnum við Tjarnarstíg.
Nemendur skrifuðu vel valin, kurteisleg orð í miðju blómanna.



Unglingarnir jákvæðir og hressir



Bekkjarreglur

- Ekki búa til vandamál
- Ekki grípa fram í
- Við viljum ekki slagsmál
- Ekkert einelti, nei takk
- Vera vinir
- Hlusta
- Við blótum ekki
- Réttu upp hönd ef þið viljið fá orðið
- Ekki hlaupa og hafa hátt á göngunum.
- Sýna kurteisni og tillitsemi
- Ekki meiða.



ER:

- Skemmtilegur
- Kurteis
- Góður vinur
- Vingjarnlegur
- Yndislegur
- Hjálpsamur
- Tillitssamur
- Elskulegur
- Hlustandi
- Þakkvæður
- Jákvæður
- Tekur vel á móti manni



GERIR:

- Leikur við mann
- Látur manni
- Stendur með manni
- Huggar mann
- Byður með sér
- Hjálpar

Segir:

- Fyrirgefdu
- Viðurkennir
- Villu leika
- Segir bráðara
- Á ég að hjálpa þér?
- Hósar manni

GÓÐUR
BEKKJARFÉLAGI

ER EKKI:

- Vondur
- Stráður
- Meidur ekki
- Legur ekki í einelti
- Sjúkur ekki
- Þurrur ekki
- Nátur ekki F...orðið



Hlutverkin okkar

Nemandi

- ✓ Læra
- ✓ Hlusta
- ✓ Taka tillit
- ✓ Hlýða
- ✓ Viðurkenna
- ✓ Hjálpsamur
- ✓ Kurteis

Kennari

- ✓ Tala vingjarnlega
- ✓ Hjálpsamur
- ✓ Kenna - góð fyrirmæli
- ✓ Hlusta
- ✓ Jákvæður
- ✓ Taka tillit
- ✓ Sanngjarn
- ✓ Hafa áhugavert og skemmtilegt námsefni